

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 2007 í máli nr. E-4338/2006:

Jón Ellert Lárusson

(Skúli Bjarnason hrl.)

gegn

Fasteignamiðluninni Múla ehf. og

Sverri Kristjánssyni

(Baldvin Hafsteinsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað með stefnu birtri 11.júlí 2006.

Stefnandi er Jón Ellert Lárusson, Blásölum 22, Kópavogi.

Stefndu eru Fasteignamiðlunin Múli ehf., Síðumúla 11, Reykjavík og Sverrir Kristjánsson, Þingási 9, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 1.800.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 1.800.000,00 frá 1. apríl 2006 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Til vara er þess krafist að stefndi, Sverrir Kristjánsson, verði sýknaður af kröfum stefnanda og að í því tilviki verði dráttarvextir ekki dæmdir fyrr en frá þingfestingardegi. Þá krefjast stefndu málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Krafa stefnanda er byggð á vixli að fjárhæð 1.800.000 krónur, útgefnum að stefnda, Sverri Kristjánssyni, hinn 1. desember 2005, en samþykktur af stefnda, Fasteignamiðluninni Múla ehf., til greiðslu 1. apríl 2006 í Íslandsbanka hf., Reykjavík. Vixillinn er án afsagnar og framseldur af útgefanda. Stefnandi kveðst vera handhafi vixilsins.

Vísað er til vixillaga númer 93/1933, einkum 7. kafla laganna um fullnustu vegna greiðslufalls. Stefnandi ber fyrir sig 17. kafla laga 91/1991 um meðferð einkamála.

Sýknukröfur sínar byggja stefndu á því að samkvæmt áritun á fylgiseðil víxilsins sé það fyrirtækið Spekt sf. sem talið sé vera eigandi víxilsins. Aðild stefnanda sé ekki skýrð og því beri að sýkna stefndu vegna aðildarskorts. sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá byggir stefndi, Sverrir, sýknukröfu sína á því, að hvergi í gögnum málsins komi fram hvar hinn umstefndi víxill hafi verið vistaður, eða hvort hann hafi yfir höfuð verið vistaður í banka eða annarri lögmætri stofnun, né hvenær hann hafi verið sýndur stefndu til greiðslu. Samkvæmt áritun á víxillinn skyldi hann greiðast í Íslandsbanka, Reykjavík. Með nafnabreytingu á síðasta ári, heiti bankinn nú Glitnir og samkvæmt skráningu í t.d. símaskrá sé bankinn með níu útibú í Reykjavík. Samkvæmt sömu skráningu komi fram, að höfuðstöðvar bankans séu á Kirkjusandi og hafi því, m.a. með hliðsjón af dómafordæmum, borið að vista víxillinn þar. Þar sem engin afsagnargerð hafi farið fram vegna víxilsins sé útilokað að staðreina hvort eða hvenær víxillinn hafi verið sýndur og þá eftir atvikum hvar. Framlögðu afriti af greiðsluseðli er mótmælt sem röngu enda sé það engin sönnun fyrir lögmætri vistun víxilsins eða réttu sýningu hans til greiðslu. Af þessu öllu verði að miða við, að víxillinn hafi í fyrsta lagi verið sýndur til greiðslu við þingfestingu málsins. Réttur stefnanda gagnvart stefnda Sverri sem útgefanda víxilsins sé því fallin niður fyrir vangeymslu, skv. 1. mgr. 53. gr. sbr. 38. gr. víxillaga.

Til viðbótar framangreindum lagarökum vísa stefndu m.a. til 46. gr. 2. mgr. og 91. gr. 2. mgr. víxillaga. Þá vísa stefndu til 130. gr. sbr. 129 gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um málskostnað.

Umræddur víxill er framseldur eyðuframsali og er því ekki hnekt að stefnandi sé réttur handhafi hans. Er því sýknukröfu vegna aðildarskorts hafnað.

Víxill sá sem krafíð er um greiðslu á er án afsagnar. Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. víxillaga hvílir sönnunarbyrði á stefnda, Sverri, um að víxillinn hafi ekki verið sýndur skv. 1. mgr. 38. gr. víxillaga. Sú sönnun hefur ekki tekist og enn fremur er ósannað að tilkynningarskylda hafi verið vanrækt.

Víxillinn er í lögmætu formi og samkvæmt öllu framansögðu verður krafa stefnanda tekin til greina.

Málskostnaður ákveðst 350.000 krónur.

D Ó M S O R Ð

Stefndu, Fasteignamiðlunin Múli ehf. og Sverrir Kristjánsson, greiði stefnanda, Jóni Ellert Lárussyni, óskipt 1.800.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 frá 1. apríl 2006 til greiðsludags og 350.000 krónur í málskostnað.

Allan V. Magnússon.